

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Lækjargarður, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 22. mars 2023, tillögu að deiliskipulagi fyrir landspilduna Lækjargarð, L166200. Tillagan tekur til Lækjargarðs sem er tæpir 4 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja á spildunni íbúðarhús allt að 350 m² að stærð sem getur verið 1-2 hæðir, tvö gestahús allt að 80 m² að stærð hvort, auk skemmu allt að 400 m² að stærð. Landspildan er í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 skilgreind sem landbúnaðarland, í flokki L2. Aðkoma er af Votmúlavegi og aðkomuvegi að Lækjargarði.

Björkurstykki, tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti tillöguna á fundi sínum 1. mars 2023. Breytingin felst í að sett er inn ákvæði í skipulagsskilmála sem heimila geymslukjallara undir einbýlis-, par-, rað- og fjórbylishúsum þar sem svo háttar. Samfara því eru ákvæði um nýtingarhlutfall aðlöguð breytingunni. Einnig er gerð orðalagsbreyting á undirkafla 4.5 Sorpflokkun. Þá er uppfærð tafla um nýtingarhlutfall í kafla 5.1, og undirkaflar frá 5.2.1-5.6.6 eru samræmdir töflu. Loks er skerpt á ákvæðum er varða gróður, girðingar og skjólveggi í og við lóðarmörk.

Litla Hraun, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti tillöguna á fundi sínum 1. mars 2023. Deiliskipulagið tekur til lóðar, sem er um 6,4 ha að stærð. Í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 er svæðið skilgreint sem samfélagsþjónusta. Meginforsendur og markmið deiliskipulags fyrir svæðið, er að bæta aðstöðu vistmanna og starfsfólks, auk þess að bæta ásýnd svæðisins með lagfæringum, endurbótum á núverandi byggingum og með nýjum byggingum auk endurskipulagningar lóðar með auknum gróðri, stígagerð og íþróttavöllum. Þá verða skilgreindir 8 nýir byggingarreitir sem ýmist eru tengingar við núverandi byggingar eða stakstæðir. Þá er gert ráð fyrir einni nýrri aðkomu inn á lóð, auk aðkomu slökkviliðs.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 20. júní 2023.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2023